

Ed.

213. Breytingartillögur

[119. mál]

við frumvarp til laga um tollskrá o. fl.

Frá Albert Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.

a) Eftirtalin tollskrárnúmer breytast svo:

		Núverandi tollur	Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
			A	E	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
30.05	Aðrar vörur til lækninga ..	35	15		15		15		15	
33.06	12 Ilmvötn, hreinlætis- og snyrti- vörur í settum falli niður.									
44.04	Trjábólir, kantaðir á tveim eða fjórum hliðum, en ekki frekar unnir:									
	10 Trjábólir af barrtrjám	25	12		8		4		0	
	20 Trjábólir af öðrum trjáteg- undum	25	12		8		4		0	
44.05	Trjáviður, sagaður eftir endi- löngu, flettur eða birktur, en ekki frekar unninn, meira en 5 mm að þykkt:									
	11 Þilfarsplankar úr „Oregon- pine“, „pitchpine“ eða „doug- las-fir“, 75X125 eða stærri ..	15	12		8		4		0	
	19 Annar	25	12		8		4		0	
82.09	Hnifar, sem ekki teljast til nr. 82.06, með skerandi eða sag- tenntri egg:									
	09 Aðrir	80	25		25		25		25	
84.30	15 Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsóltunarvélar, roðflett- ingavélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	7	2	0	0	0	0	0	0	0
85.06	Rafmagnsknúin búsaöld með innbyggðum rafmagnshreyfli:									
	20 Loftraestitæki og herbergis- viftur	80	18		12		7		0	
87.02	31 Almenningsbifreiðar, p. e. 32 grindur með hreyfli og öku- mannshúsi, verði:									
	Grindur með hreyfli		30		25		25		25	
87.14	Önnur ökutæki án drifs og hlutar til þeirra:									
	49 Aðrir	30	30		30		30		30	
91.01	Vasaúr, armbandsúr og önnur svipuð úr	35	10		10		10		10	
90.17	20 Tæki og áhöld til tannlækn- inga	35	15		15		15		15	

	Núverandi tollur	Frá 1/1 1977		Frá 1/1 1978		Frá 1/1 1979		Frá 1/1 1980	
		A	E	A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%	%	%
94.02	Húsgögn fyrir lækniáðgerðir, þar með taldar tannlæknis- og dýralæknisaðgerðir o. fl.	35	15	15	15	15	15	15	15

2. Við 3. gr.

a. Við 41. tl. „Að lækka toll úr 90% í 40%“ verði: Að lækka toll úr 90% í 30%.

b. Við 54. tl. Í stað orðanna „Að endurgreiða eða lækka í 50%“ komi: að fella niður.

3. Við 4. gr.

1. mgr. Á eftir orðunum „þó ekki lægri verðtoll en 5%“ komi: Ef um er að ræða muni sem sendir hafa verið utan til viðgerðar á göllum sem seljandi ber ábyrgð á, skal aðeins krafist tolls af flutningskostnaðinum, enda séu færðar sönnur á að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

4. Við 10. gr.

Síðustu mgr. Í stað orðanna „og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar“ komi: skal tollyfirvald lækka tollverð vörunnar.

5. Við 20. gr.

2. mgr. falli niður.

6. Við 21. gr.

2. mgr. Í stað orðsins „fjártryggingu“ komi orðið: tryggingu.

7. Við 23. gr.

Í niðurlagi falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila“.

8. Við 36. gr.

Greinin falli niður.